

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 13.3.2023
UST202203-073/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Hvalfirði, geymir T0124 (nr. 15)

Umhverfisstofnun barst þann 29. desember 2022, þykktarmæling og segulssviðsskönnun á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Hvalfirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0124 og eigendanúmerið 311.15.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Litla-Sandi, Hvalfirði. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1970.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., þann 12. júlí 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4 0016-A-TFS. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. TM-MFL-GEYMIR-15-T0124-2022 frá HD ehf., að geymirinn sé málaður að hluta að innan og sé í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Fram kemur að gólf ásamt neðsta umfarinu er ótært að innan að ofanverðu en á einum stað megi finna efnisþynningu þar sem efnisþykkt plötu sé örlítið meiri en 3mm eða 3,4mm samkvæmt þykktarmæli.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum en bendir á að fylgjast þurfi vel með þeim svæðum sem komin eru fast að viðmiðunarmörkum, sem eru 3 mm. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri